

90. Þingflokksfundur, 2. febrúar 2015

Fundinn sitja: Helgi Hrafn, Jón Þór og Birgitta.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðustu viku og hún samþykkt.

2. Helgi Hrafn brífar af þingflokksformannafundi

Dagskrá vikunnar rædd. Ólíklegt að áfengismálið verði rætt í vikunni.

3. Jón Þór Brífar af forsætisnefndarfundi

Athugasemdir GRECO¹ varðandi atriði sem þingið þarf að laga voru ræddar, sérstaklega varðandi siðareglur og skráning á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna. Þá var einnig rætt um hugsanlega staðsetningu stytta af Ingibjörgu H. Bjarnason, sem var fyrst kvenna kjörin á Alþingi.

Birgitta vill ræða álit lagaskrifstofu Alþingis á búsáhaldaskýrslu lögreglunnar. Jón Þór hyggst koma fram með formlega fyrirspurn varðandi álit lagaskrifstofu.

4. Dagskráin í dag

Dagsrá þingfundar rædd og verkum skipt.

5. Jafnt aðgengi í nefnd á miðvikud. hver fer á fundinn?

Helgi Hrafn fer á fundinn.

6. UTmessan - hverjir ætla að fara / Vísindaferð HA á föstudag

Helgin 6. - 8. febrúar. Vísindaferð kl 13-15 á föstudag. Jón mun sitja alla UTmessuna og Birgitta eitthvað af tímanum.

7. Maximillian sem langar að kjósa á Íslandi

Maximillian er með tvöfaldan ríkisborgararétt, fæddur í Danmörku.

Vinnuhópur forseta Alþingis vinnur nú að tillögum að endurskoðun kosningalaga. Helgi sendir fyrirspurn til innanríkisráðuneytis.

8. Tölvukaup

Ákveðið að kaupa tölvu upp að 180.00 kr. til afnota fyrir vinnu sjálfboðaliða þingflokksins. Samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Aðgengi almennings að gögnum sem tengist Alþingi. Birgitta mun senda Jón Þór póst um sína vinnu varðandi málið og Jón Þór mun í kjölfarið reka á eftir málinu.

¹ Group of States against Corruption, sem heyrir undir Evrópuráðið (Council of Europe).

Fundi slitiš kl. 14.